

Isavia innanlandsflugvöllir ehf.
Reykjavíkurflugvelli
102 Reykjavík

18. desember 2025, Reykjavík
UOS2512076/E.S.F.

Ákvörðun um veitingu bráðabirgðaheimildar – Starfsemi Reykjavíkurflugvallar

Vísað er til erindis Isavia innanlandsflugvalla ehf., kt. 591219-1380, til Umhverfis- og orkustofnunar þann 5. desember 2025 þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir því að Isavia innanlandsflugvöllir ehf. megi halda áfram starfsemi Reykjavíkurflugvallar á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Starfsemi Reykjavíkurflugvallar felst í rekstri alþjóðaflugvallar, bifreiðaverkstæðis og eldsneytisgeyma til eigin nota. Núgildandi starfsleyfi Reykjavíkurflugvallar var útgefið 2016 og gildi til 31. desember 2024 en var síðan framlengt til eins árs.

Fram kemur í umsókn um bráðabirgðaheimild að Reykjavíkurflugvöllur sé mikilvæg samgöngumiðstöð í eigu íslenska ríkisins og einn fjögurra vottaðra alþjóðaflugvalla á landinu. Þaðan sé starfrækt áætlanaflog til fjölmargra áfangastaða vítt og breitt um landið, auk þess sem algengt sé að sjúkraflug lendi þar vegna nálægðar við spítalann. Þá kemur fram að höfuðstöðvar Flugsveitar Landhelgisgæslu Íslands séu á Reykjavíkurflugvelli og að flugvöllurinn sinni sömuleiðis bæði sjúkra- og neyðarflugi. Einka- og kennsluflug sé einnig töluvert þar sem ungir flugmenn fá mikilvæga þjálfun í sínu fagi í stjórnun umhverfi. Flugvallabjónusta Reykjavíkurflugvallar sinni bæði björgunar- og slökkviþjónustu gagnvart mögulegum slysum, auk þess að tryggja hæfni og öryggi flugbrautanna hverju sinni, þ.m.t. með bremsumælingum, snjóhreinsun, söndun, fuglafælingu o.s.frv. Á Reykjavíkurflugvelli sé einnig starfrækt bifreiðaverkstæði sem tryggi öruggar og traustar vinnuvélar sem notaðar eru við starfsemina.

Einnig kemur fram í umsókn rekstraraðila að án starfsleyfis, væri ekki hægt að sinna starfsemi félagsins sem tengist björgunar- og slökkvistarfi né flugbrautum vallarins og því sé brýn þörf á veitingu bráðabirgðaheimildar. Á gildistíma bráðabirgðaheimildarinnar sé stefnt að því að vinna áfram að umbótum í þágu umhverfisins og innleiðing þeirra undirbúin eins og kostur er, en starfsemi Reykjavíkurflugvallar muni að öðru leyti vera óbreytt. Áfram verði unnið samkvæmt núgildandi starfsleyfi og starfleyfisskilyrðum útgefnum af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur árið 2016 og fyrirhugað að halda áfram sömu starfsemi og lýst er að ofan til að tryggja þjónustu og öryggi við flugrekendur á Reykjavíkurflugvelli.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfis- og orkustofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfis- og orkustofnun sendi erindið til umsagnar hjá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, þann 9. desember sl., sbr. 2. másl. 1. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem barst þann 11. desember sl. staðfestir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að umsókn um endurnýjun á starfsleyfi var móttækin 24. júní 2024 og að hún sé metin fullnægjandi.

Fram kemur í umsögninni að ýmsar ástæður séu fyrir því að vinnsla starfsleyfis Isavia innanlandsflugvalla ehf. hafi dregist mikið. Ekki náðist að endurnýja starfsleyfið áður en gildandi starfsleyfi rann út í lok árs 2024 og framlengdi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá gildistíma starfsleyfisins til loka árs 2025. Drög að nýjum starfsleyfisskilyrðum voru send rekstraraðila Reykjavíkurflugvallar til kynningar og athugasemda í lok nóvember 2025. Rekstraraðili gagnrýndi stuttan tímafrest til að koma með athugasemdir við ný starfsleyfisskilyrði. Þá leiðbeindi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur rekstraraðila um að óska eftir bráðabirgðaheimild frá Umhverfis- og orkustofnun til að ekki yrði rof á rekstrinum þegar gildistíma starfsleyfisins lyki, þann 31. desember 2025, á meðan verið væri að ljúka vinnslu nýs starfsleyfis. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekur fram að jákvæðar umsagnir liggja fyrir frá skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um að starfsemin sé í samræmi við skipulag og notkun húsnæðisins sé heimil. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er þess getið að fjöldi kvartana hafi borist vegna hávaða og ónæðis frá starfseminni og að í drögum að nýjum starfsleyfisskilyrðum séu ákvæði sem ætlað er að setja starfseminni skorður og koma til móts við kvartanir. Rekstraraðili metur ný starfsleyfisskilyrði mjög íþyngjandi og er athugasemda hans sem og annarra hlutaðeigandi stjórnvalda við drögin að nýjum starfsleyfisskilyrðum beðið. Í framhaldinu sé nauðsynlegt að hafa tíma til að vinna úr athugasemdunum og skoða hvort gera þurfi breytingar á drögum í kjölfarið.

Að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru brýnar ástæður fyrir því að veita bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi Reykjavíkurflugvallar. Sjúkraflug fer um flugvöllinn, þar sé aðstaða fyrir leitar- og björgunarþyrlur Landhelgisgæslunnar og einnig sinnir Reykjavíkurflugvöllur hlutverki varaflugvallar. Mikilvægt sé að ekki verði rof á þessari þjónustu flugvallarins.

Þegar lagt er mat á hvað heyrir til sérstakra undantekningartilvika, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 ber að líta til þeirra hagsmuna sem til staðar eru hverju sinni. Í þessu máli liggur fyrir að ýmsir þættir hafa leitt til þess að vinnsla starfsleyfisins hefur tafist sem ekki eru á ábyrgð rekstraraðila sem sótti um nýtt starfsleyfi fyrir rúmu ári síðan. Starfsemi Reykjavíkurflugvallar

er mikilvæg fyrir samfélagið allt þar sem flugvöllurinn sinni m.a. sjúkraflugi, aðstöðu fyrir leitar- og björgunarþyrlur, innanlandsflugi auk þess að vera varaflugvöllur í millilandaflugi. Að mati Umhverfis- og orkustofnunarinnar eru því uppfyllt skilyrði 7. gr. a. um sérstakt undantekningartilvik og brýn þörf í þágu almannahagsmuna að tryggja áframhaldandi samfellda starfsemi Reykjavíkurflugvallar á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Í ljósi framangreinds, umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þess að fyrir liggur fullnægjandi umsókn um starfsleyfi fyrir Isavia innanlandsflugvelli ehf. til reksturs Reykjavíkurflugvallar hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og í samræmi við 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið ákvörðun um að veita Isavia innanlandsflugvöllum ehf., kt. 591219-1380, bráðabirgðaheimild fyrir áframhaldandi starfsemi Reykjavíkurflugvallar.

Bráðabirgðaheimildin tekur gildi 31. desember 2025 og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Isavia innanlandsflugvöllum ehf., kt. 591219-1380, ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, þar á meðal má nefna ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Haga skal starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
2. Rekstraraðili skal fylgja ákvæðum í *Starfsleyfisskilyrðum fyrir rekstur Reykjavíkurflugvallar* sem samþykkt voru á 104. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 9. ágúst 2016, sbr. fylgiskjal. Ákvæði í gr. 1.3 í starfsleyfisskilyrðunum fyrir rekstur Reykjavíkurflugvallar, varðandi gildistíma, á þó ekki við.
3. Rekstraraðili skal til viðbótar við starfsleyfisskilyrðin fylgja, ef við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sbr. fylgiskjal.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer með eftirlit með starfseminni skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 og ber Isavia innanlandsflugvellir ehf. ábyrgð á að fylgja fyrirmælum heilbrigðiseftirlitsins um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir starfseminnar. Rekstraraðili ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum bráðabirgðaheimildarinnar. Þá mun nefndin upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti áform um veitingu bráðabirgðaheimildar fyrir Isavia innanlandsflugvelli ehf., sbr. 5. mgr. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 15. desember til kl. 12:00 að hádegi þann 18. desember 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við áformin á sama tímabili. Tilkynning um opinbera birtingu var send til rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sama dag og þau voru birt á heimasíðu stofnunarinnar. Engar athugasemdir bárust.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu stofnunarinnar. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til *31. desember 2026*. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfis- og orkustofnun mun innheimta gjald fyrir umsýslu vegna umsóknarinnar um bráðabirgðaheimild, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri